

Tekjur 1.ársfjórðungs jukust um 29% frá fyrra ári og námu 3.461 m.kr.
Ebitda tímabilsins jókst um 35% frá fyrra ári og var 187 m.kr.
Handbært fé frá rekstri jókst um 178 m.kr. frá áramótum og var 368 m.kr í lok tímabilsins.
Gengisfall íslensku krónunnar leiðir til 940 m.kr. gengistaps á fyrsta ársfjórðungi
Tap félagsins eftir skatta var 970 m.kr.

Helstu niðurstöður fyrsta ársfjórðungs:

- Sala tímabilsins nam 3.461m.kr. og jókst um 780 m.kr. eða 29% frá sama tímabili 2007
- Innri vöxtur tekna (pro forma) var 9% frá fyrra ári*
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 187 m.kr. sem er 35% aukning frá sama tímabili 2007
- EBITDA hlutfall fjölmiðla og afþreyingar nam 5,4%
- Nettó fjármagnsliðir námu 1.180 m.kr. en þar á meðal var gengistap upp á 940 m.kr.
- Handbært fé og markaðsverðbréf námu 368 m.kr. í lok tímabilsins
- Eigið fé var 3.691 m.kr. og eiginfjárlutfall var 25%

Ari Edwald, forstjóri: “Viðunandi niðurstaða”

Rekstur samstæðunnar í heild er ekki langt frá rekstraráætlun þrátt fyrir ákveðna erfiðleika í afþreyingarhlutanum. Þar er fyrst og fremst um að ræða lægð í sölu á erlendri tónlist og DVD myndum, en fyrirtækið vinnur að aukinni dreifingu á þeim vörum. Rekstur fjölmiðla hefur gengið betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Góður innri vöxtur er í tekjum og 35% hækkun EBITDA hagnaðar frá fyrra ári. Fjármagnsliðir sem einkennast af miklu gengisfalli krónunnar, háum vöxtum og verðbólgu, leiða til 970 m.kr. taps. 365 hf var með um 35% af skuldum í erlendri mynt um áramót, og er gengistap félagsins 940 milljónir. 365 hf ver ekki lán fyrir gjaldeyrissveiflum og áætla ekki áhrif þeirra. Félagið er hins vegar að verulegu leyti varið út þetta ár að því er varðar erlend aðföng til rekstrar. Í heild telja stjórnendur 365 hf að niðurstaða fyrsta ársfjórðungs sé viðunandi og gefi ekki tilefni til að breyta áætlunum ársins.

* Erlendi hluti EFG og tvö dótturfélög Senu (Concert og Þrjú Bíó, rekstrarfélag Háskólabíós) voru ekki inni á fyrsta ársfjórðungi 2007. Hins vegar var Inn hluti af samstæðunni.

Árshlutareikningur 365 hf fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2008

Reikningsskilaaðferðir og samþykkt reikninga

Árshlutareikningur 365 hf. er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) um árshlutareikningsskil (IAS 34) eins og þeir hafa verið staðfestir af ESB. Stjórn félagsins samþykkti árshlutareikninginn 6. maí 2008.

Rekstrarreikningur

Rekstri 365 hf. er skipt upp í tvo starfspætti, annars vegar fjölmiðla undir merkjum 365 miðla ehf. og hins vegar afþreyingu sem félögin Sena ehf. og EFG ehf. falla undir.

Rekstrarreikningur í milljónum króna	1Q2008	1Q2007	Breyting
Sala	3.461	2.681	780
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	(2.339)	(1.765)	(574)
Framlegð	1.122	916	206
Aðrar tekjur	0	0	0
Rekstrarkostnaður	(1.055)	(882)	(173)
Rekstrarhagnaður/ (tap) (EBIT)	67	34	33
Hreinir fjármagnsliðir	(1.180)	(7)	(1.173)
Ahrif hlutdeildarfélagja	(55)	(57)	2
Hagnaður/ (tap) fyrir skatta	(1.168)	(30)	(1.138)
Tekjuskattur	198	(5)	203
Hagnaður/ (tap) af áframhaldandi starfsemi	(970)	(35)	(935)

Próun tekna eftir starfspáttum milljónir króna	2007	2007 1F	2007 2F	2007 3F	2007 4F	2008	2008 1F
Fjölmiðlar	8.182	1.864	2.005	1.945	2.368	2.255	2.255
Afþreying	4.955	1.045	980	1.091	1.839	1.502	1.502
Jöfnunar færslur og móðurfélag	(756)	(228)	(171)	(201)	(156)	(296)	(296)
Samtals	12.381	2.681	2.814	2.835	4.051	3.461	3.461

Próun EBITDA eftir starfspáttum milljónir króna	2007	2007 1F	2007 2F	2007 3F	2007 4F	2008	2008 1F
Fjölmiðlar	900	77	229	275	319	185	185
Afþreying	345	65	56	72	152	40	40
Móðurfélag	(83)	(3)	(11)	(2)	(67)	(38)	(38)
Samtals	1.162	139	274	345	404	187	187

*) Soluhagnaður dreifikerfis meðtalin

Félagið í heild

Sölu tekjur námu 3.461 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2008 og jukust um rúmlega 29% frá fyrra ári. Pro forma söluaukning nam 9%
Framlegð af rekstri 365 hf. nam 1.122 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2008 og var framlegðarhlutfallið 32,4%. Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam á fyrsta ársfjórðungi 187 m.kr. sem er 34% aukning frá fyrra ári þegar EBITDA var 139 m.kr. Hagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) nam 67 m.kr. en var 34 m.kr. á sama tíma í fyrra sem er 97% aukning milli ára. Hreinir fjármagnsliðir námu 1.180 m.kr. sem skýrist að stærstum hluta af gengistapi upp á 940 m.kr. sem er mest megnis vegna erlendra lána félagsins. Tap að upphæð 970 m.kr. var af rekstri 365 hf. á fyrsta ársfjórðungi 2008 samanborið við tap að upphæð 35 m.kr. á sama tíma í fyrra.

Fjölmiðlar

Sölu tekjur fjölmiðla námu 2.255 m.kr. og hækkuðu um 391 m.kr. frá fyrra ári eða um 21% og má rekja hluta af þeirri hækku til Stöðvar2Sport2 sem sýnir enska boltann. EBITDA fjölmiðla nam 185 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2008 og hækkaði um 108 m.kr. eða sem svarar 140% aukningu milli ára.

Afþreying

Tekjur á afþreyingarsviði námu 1.502 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2008 en námu 1.045 m.kr. í fyrra. Aukning á milli ára nemur því 43,7% sem skýrist að stærstum hluta af innkomu erlendra hluta EFG seinni hluta árs 2007. EBITDA afþreyingarsviðs nam 40 m.kr. og lækkaði um 25 m.kr. á milli ára, sem að stærstum hluta má rekja til mikils samdráttar í heildsölu á erlendri tónlist og DVD sem stjórnendur telja að sé tímabundinn. Stjórnendur EFG eru jafnframt að ná utanum erlendar einingar í starfsemi sinni og er verkefnastaðan góð.

Efnahagsreikningur

Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi 31. mars 2008 námu 14.722 m.kr. borið saman við 14.683 m.kr. í árslok 2007. Veltufjárlutfall var 0,83 í lok mars 2008 en var 0,87 í lok árs 2007. Eiginfjárlutfall var 25% samanbórið við 31% í lok árs 2007.

Vaxtaberandi skuldir í lok mars 2008 námu 8.190 m.kr. borið saman við 7.269 m.kr. þann 31. desember 2007, eða hækkun um 921 m.kr. sem skýrist af gengisfalli íslensku krónunnar. Nettó vaxtaberandi skuldir námu 7.822 m.kr. í lok mars 2008 borið saman við 7.078 m.kr. í lok árs 2007.

Efnahagsreikningur í milljónum króna	31.3.2008	31.12.2007	Breyting
Eignir			
Fastafjármunir	11.146	10.897	249
Veltufjármunir	3.576	3.786	(210)
þar af viðskiptakröfur	1.792	2.185	(393)
Eignir samtals	14.722	14.683	39
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé	3.691	4.545	(854)
Skuldir			
Langtímaskuldir	6.711	5.780	931
Skammtímaskuldir	4.320	4.358	(38)
Vaxtaberandi skuldir	8.190	7.269	921
Skuldir samtals	11.031	10.138	893
Eigið fé og skuldir samtals	14.722	14.683	39

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri á tímabilinu án fjármagnsliða og skatta nam 549 m.kr. en eftir greidda vexti og skatta 329 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi, fjárfestingahreyfingar voru 90 m.kr. þ.a. fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum 88 m.kr. og fjármögnunarhreyfingar neikvæðar um 50 m.kr. Handbært fé í lok mars nam 368 m.kr. sem er hækkun upp á 178 m.kr. frá ársbyrjun.

Sjóðstreymi í milljónum króna	1Q2008	1Q2007
Rekstrarhagnaður/ (-tap) samkvæmt rekstrarreikningi	(970)	(35)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi	1.519	(196)
Handbært fé frá/(til) rekstrar, án fjármagnsliða og skatta	549	(231)
Innborðaðar vaxtatekjur	48	22
Greidd vaxtagjöld	(268)	(252)
Handbært fé frá/(til) rekstrar	329	(461)
Fjárfestingahreyfingar	(90)	(45)
Fjármögnunarhreyfingar	(50)	(231)
Handbært fé frá/(til) rekstrar áframhaldandi starfsemi	189	(737)
Handbært fé í upphafi tímabils	190	944
Áhrif gengissveiflna á handbært fé	(11)	0
Handbært fé í lok tímabils	368	207

Rekstrarhorfur 2008

Stjórnendur staðfesta áður útgefnar áætlanir um veltu á bilinu 13,5 – 14 milljarða króna og EBITDA á bilinu 1300 – 1400 m.kr. Öllum ætti þó að vera ljós sú óvissa sem nú ríkir varðandi kostnaðarþróun og efnahagsástand almennt.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir hluthafa og markaðsaðila verður haldinn miðvikudaginn 7. maí, kl. 08.30 að Skaftahlíð 24 í norðurhúsi (skrifstofur) á 4.hæð. Þar munu Ari Edwald forstjóri og Lára N. Eggertsdóttir fjármálastjóri kynna afkomu félagsins og starfsemi þess.

Nánari upplýsingar veita:

Ari Edwald forstjóri í síma 821 0365 og Lára Eggertsdóttir fjármálastjóri í síma 696 9044